

## Fundur stjórnar foreldrafélagsins 10. febrúar 2015

**Mættir:** Bergþór, Benný Eva, Inga Eypórs, Ingi Berg, Helga, Davíð, Ægir, Beta, Óli, Joanna, Ingibjörg Helga, Edda Sóley, Emil sem stjórnaði fundi og Ásdís sem ritaði fundargerð.

**Fyrirlestur:** Lögð fyrir tillaga um að fá frekar fyrirlesturinn Verndum þau á vegum Barnahúss í stað fyrirlestrar frá Blátt áfram. Fyrirlesturinn er um ofbeldi gegn börnum og er ætlaður fólki sem vinnur með börnum. Fyrirlesturinn er 3 tímar og kostar 60.000.- og er hann keyptur í samstarfi við grunn- og leikskólann. Til þess að foreldrafélagið geti tekið þátt þarf fyrirlesturinn að vera opin öllum.

**Öskudagurinn:** Rætt um skipulag dagsins – sjá skjal sem dreift var á fundi.

Ásdís setur upp auglýsingu sem verður send í gegnum ritara.

Foreldrar hvattir til að vera í búningum.

Allt tengt furðufatagöngunni frágengið.

### Ball í íþróttahúsi fyrir 1.-6. bekk:

- Braut verður sett upp kl. 14:30. Þeir sem sjá um það: Bergþór, Emil, Ásdís, Ægir, Benný, Davíð, Helga og allir aðrir sem vettlingi geta valdið.
- Sigga Lóa og Ingibjörg tóku að sér skipulag á „að slá köttinn úr tunnunni“.
- Davíð og Helga ætla að tala við Hafstein son sinn hvort hann vilji sjá um tónlistina.
- Aðgangseyrir skal vera 500 á barn, 1.000 fyrir systkin.
- Ásdís talar við Eypór um hvort einhver úr ljósmyndavali vilji taka myndir.
- Einhverjir tveir þurfa að vera í miðasölu kl. 16:00.
- Nammið kemur frá Bensó. Davíð og Helga athuga með drykk.
- Spurning um að setja upp skipulag með „róluna“ – aldurskipta...
- Allir hjálpast að í fágangi.

### Ball í Tónó fyrir 7.-10. bekk

- Sveinn og Haukur verða DJ-ar – fá 5.000.- kr fyrir á mann. Ljós og græjur leigðar.
- Emil ætlar að athuga með leigu á hljóðkerfi.
- Ábyrgðarmenn – Beta og Óli. Aðrir sem verða á staðnum: Ingibjörg, Emil, Helga, Anna Lís, Joanna.
- Mæting um 19:00-19:30.
- Aðgangseyrir 500.- Hver fær glowstik-armband.
- Sjoppa á staðnum – fjáröflun fyrir 9. bekk, Joanna heldur utan um það og finnur foreldra í það.

- Inga Eypórs búin að fá Stykkið til að gefa gjafabréf í vinninga fyrir, annarsvegar frumlegasta búninginn og svo flottasta búninginn.